

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að framkvæma húsleit í Nýju vídeóleigunni, Grensásvegi 5, Reykjavík, og leggja þar hald á gögn, er ætla má að tengist ætluðum brotum fyrirvarsmanna Nýju vídeóleigunnar á framangreindum lagaákvæðum.

Heimilt er að leita í læstum hirslum.

Laugardaginn 10. janúar 1987.

Nr. 342/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Valgeiri Vésteini Jósafatssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru skráðri í sakadómsbók 23. desember 1986. Verður að ætla að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að hann verði felldur úr gildi en frá varnaraðila hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Á dómþingi í sakadómi Keflavíkur 23. desember 1986 lýsti varnaraðili sig samþykkan því að gangast undir geðrannsókn.

Rétt var vegna rannsóknar málsins að varnaraðili sætti gæsluvarðhaldi, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 23. desember 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 23. desember, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er í lögreglustöðinni við Hringbraut í Keflavík af Símoni Ólasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglan í Keflavík hefur með bréfi dags. 22. desember 1986 gert þá kröfu að kærði, Valgeir Vésteinn Jósafatsson suðumaður, A-götu Keflavík, f. 16. nóvember 1956 í Reykjavík verði úrskurðaður í allt að 14 daga gæsluvarðhald.

Einnig hefur rannsóknarlögreglan krafist þess að nefndur Valgeir sæti geðrannsókn og rannsókn á hugsanlegum kynsjúkdómum.

Að morgni sunnudagsins 21. desember 1986 kl. 10:09 var óskað eftir lögregluaðstoð A-götu Keflavík. Lögreglumenn fóru á staðinn og hittu þar fyrir Y, A-götu Keflavík. Nefndur Y kvaðst hafa ásamt sambýliskonu sinni X farið á dansleik í gærkveldi en hann hafi orðið að yfirgefa dansleikinn vegna veikinda. Hafi hann farið heim til sín og sofnað enda hafi hann verið ofurölvi. Um kl. 10:00 hafi hann síðan vaknað við það að barið var á dyrnar á íbúðinni og hafi þá X staðið þar fyrir framan illa á sig komin andlega. Hann kvað X hafa sagt að kærði Valgeir hafi nauðgað sér og þá hafi hann hringt í lögreglu og óskað aðstoðar.

Lögreglumenn hittu X þar sem hún sat í eldhúsinu í íbúð þeirra og var hún sýnilega illa á sig komin andlega að sögn lögreglumanna. Hún kvaðst hafa farið með Y á dansleik kvöldið áður og hafi þau orðið viðskila. Hún hafi svo komið heim til sín um kl. 08:00 um morguninn og hafi íbúðin þá verið læst og hún ekki haft lykil. Hún hafi bankað til að reyna að vekja sambýlismann sinn en það hafi ekki tekist. Þá hafi kærði, Valgeir er býr í risíbúðinni, komið niður og boðið henni upp til sín svo hún gæti reynt að hringja niður í sambýlismann sinn og vekja hann.

Hún hafi þegið það og farið með honum upp. Valgeir hafi boðið henni upp á kaffi sem hún þáði og hringt en árangurslaust. Að svo búnu hafi Valgeir hent henni upp í rúmið hjá sér og byrjað að hneppa frá henni skyrtunni. Hún hafi streist á móti en Valgeir þá slegið til hennar og hótad henni limlestingum og lífláti ef hún reyndi að streitast á móti. Hún hafi þó engu að síður gert það en Valgeir hafi haldið höndunum á henni og að lokum náð fram vilja sínum. Valgeir hafi síðan meinað henni útgöngu úr íbúðinni en hún hafi náð að komast út um kl. 10:00 og hafi hún þá getað vakið sambýlismann sinn. X var síðan flutt á sjúkrahúsið í Keflavík þar sem Jón Hallgrímsson læknir tók við henni til frekari rannsóknar.

Lögreglumenn fóru að A-götu og handtöku þar kærða, Valgeir. Að sögn lögreglumanna var Valgeir mjög æstur og í annarlegu ástandi og hafi hann streist á móti handtöku, þannig að setja þurfti hann í handjárn.

Ekki er að sjá á gögnum málsins að nein merki um átök hafi fundist í íbúðinni.

Samkvæmt skýrslu læknis leiddi skoðun hans á kæranda ekki í ljós neina sjáanlega ytri áverka, nema eymsli kringum endaparm. Í skýrslu læknis segir að kærði hafi oft þreifað með fingri upp í endaparm kæranda. Í skýrslu læknisins segir ennfreður að X hafi verið mjög miður sín og grátið lengst af á meðan skoðun hafi farið fram. Í skýrslu sem tekin var af kæranda, X, A-götu Keflavík hinn 21.12. 1986 kl. 15:50 lýsir kærandi atburðarás á sama veg og hún hafði gert er lögreglumenn hittu hana fyrr um daginn. Hún kvaðst hafa setið á stól sem var við rúm Valgeirs. Hún kvaðst hafa þegið kaffi hjá Valgeiri en þegar hún hafi staðið upp af stólnum og ætlað að fara niður hafi hann þrifið í hana og sett hana upp í rúm. Hann hafi byrjað að hneppa frá henni blússu sem hún var í og hafi hann m.a. sagt að hann vissi að mætta væri hrifin af honum og að hann væri jafnframt hrifinn af henni. Hún kveðst hafa ætlað að streitast á móti manninum er þarna var komið en hann hafi þá tekið báðar hendur hennar og sett aftur fyrir höfuð hennar. Hún kveðst hafa hrópað en kærði þá sagt að hún mætti hrópa eins og hana lysti, hann væri búinn að einangra herbergið þannig að ekkert myndi heyrast. Kærandi sagði að Valgeir hefði ekki viljað hleypa henni niður þrátt fyrir þetta og hafi meinað henni að fara. Henni hafi skilist á honum að þessi nauðgun ætti að vera einhverskonar refsing vegna þeirra kvartana sem hún og sambýlismaður hennar Y ásamt Z, sem býr í kjallaraíbúðinni, hafi borið fram vegna ónæðis af hálfu Valgeirs. Hún sagði að Valgeir hefði drukkið áfengi meðan hún dvaldi hjá honum og hafi hann gefið í skyn að hann hafi reykt einhverja sígarettu sem innihéldi eitthvað annað en tóbak.

Hún sagði að Valgeir hefði ógnað sér með því að taka um háls hennar og hóttað henni kyrkingu, er hann var að koma fram vilja sínum og einnig að hann myndi skera hana í búta og annað eftir því. Hún kvaðst hafa orðið lömuð af ótta og ekki haft nein tök á að slást við hann og hafi hann ætíð meinað henni brottför með valdi er hún reyndi að komast frá honum.

Kærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu þennan sama dag. Hann viðurkenndi að hafa haft samfarir við nefnda X í íbúð sinni að A-götu. Hann neitaði að hafa nauðgað stúlkunni og að hafa beitt hana einhverskonar ofbeldi. Samfarirnar hafi verið með fullum vilja hennar.

Hann sagði að samfarirnar hefðu ekki síður verið að frumkvæði X. Hann mótmælti einnig því að hafa varnað henni brottfarar úr íbúðinni; ennfreður að hafa hóttað henni beitingu ofbeldis.

Enn hefur ekki verið framkvæmd samprófun á framburði kæranda og kærða og einnig á eftir að taka skýrslur af hugsanlegum vitnum, þar á meðal íbúum í kjallaraíbúð og sambýlismanni kæranda.

Hinn 24. september 1986 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur kærða fyrir meint nauðgunarbrot framið 12.4. 1986. Er mál þetta nú til meðferðar hér hjá embættinu.

Þar sem kæruefnið er mjög alvarlegs eðlis þykir rétt með vísan til 1. tl. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að kærði sæti gæsluvarðhaldi meðan frekari rannsókn fer fram í málinu til þriðjudagsins 6. janúar 1986 (sic) kl. 14:00, en brotið sem kærði er grunaður um getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. 194. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og er 65. gr. stjórnarskrárinnar því eigi til fyrirstöðu gæsluvarðhaldi.

Með hliðsjón af eðli brots þessa og einnig með tilliti til sakarferils kærða þykir rétt að kærði sæti geðrannsókn á meðan á gæsluvarðhaldi stendur sbr. d. lið 2. tl. 75. gr. laga nr. 74/1974. Ekki þykja vera efni til að taka þá kröfu rannsóknarlögreglu til greina að kærði sæti sérstakri rannsókn með tilliti til kynsjúkdóma.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Valgeir Vésteinn Jósafatsson, A-götu Keflavík sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 6. janúar 1987 kl. 14:00.

Kærða er skylt að gangast undir geðrannsókn á þeim tíma.
